

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 93/81/EBE

frá 29. september 1993

um aðlögun á tilskipun ráðsins 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/53/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun ráðsins 88/77/EBE frá 3. desember 1987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í ökutækjum ⁽³⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 91/542/EBE ⁽⁴⁾, er kveðið á um að minnka magn mengandi lofttegunda frá dísilhreyflum í nýjum ökutækjum sem eru seld, skráð eða tekin í notkun frá og með 1. október 1993.

Í b-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE er kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt að veita undanþágu vegna „afgangsökutækja“ í takmarkaðan tíma og í litlum mæli.

Undanþágan er takmörkuð við ökutæki í flokki M1, samanber ákvæði B-hluta XII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

Áætlað er að markaður fyrir stórar vöruflutningabifreiðar dragist saman í bandalaginu um 13% miðað við seld ökutæki 1992 sem jafngildir 25% samdrætti seldra ökutækja á fjórum árum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 225, 10. 8. 1992, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 36, 9. 2. 1988, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 295, 25. 10. 1991, bls. 1.

Vegna verulega minnkandi eftirspurnar á markaði innan bandalagsins eftir ökutækjum sem knúin eru dísilhreyflum og fjallað er um í tilskipun 88/77/EBE eru taldar líkur á að tiltekinn fjöldi ökutækja sem er gerðarviðurkenndur í samræmi við ákvæði eldri gerðar tilskipunarinnar verði óseldur 1. október 1993.

Ef ekki er samþykkt tilskipun um breytingu á B-hluta XII. viðauka sitja framleiðendur fyrrnefndra ökutækja annaðhvort uppi með óseljanlegan lager af slíkum ökutækjum eða neyðast til að gera óhagkvæmar ráðstafanir til að fullnægja kröfum þessarar tilskipunar.

Ef sú verður raunin þurfa framleiðendur að bera þyngri fjárhagslegar byrðar um leið og getu þeirra til að fjárfesta í tækninýjungum í framtíðinni eru takmörk sett á sama tíma og eftirspurn á markaði innan bandalagsins eftir fyrrnefndum ökutækjum hefur þegar minnkað verulega.

Líkur benda til að áþekkur vandi muni rísa í framtíðinni vegna lítilla vöruflutningabifreiða sem knúnar eru dísilhreyflum sakir óhagstæðrar þróunar á þessum markaði.

Til að draga úr þeim óhagstæðu áhrifum á viðskipti sem um getur að framan er nauðsynlegt að breyta tilskipun 70/156/EBE í þá veru að útvíkka undanþáguna vegna „afgangsökutækja“ til að hún gildi um alla flokka ökutækja en ekki aðeins um ökutæki úr flokki M1.

Hámarksfjöldi ökutækja sem mörkin fyrir „afgangsökutæki“ gilda um skal ekki fara yfir 10% af ökutækjum af viðkomandi gerðum sem tekin eru í notkun í viðkomandi aðildarríki árið á undan. Heildaráhrif þessarar breytingar á umhverfið verða lítil og tímabundin.

Skýra ber nánar með hvaða hætti ber að hrinda ákvæðum tilskipunar 70/156/EBE um „afgangsökutæki“ í framkvæmd í því augnamiði að finna endanlega lausn þar sem tekið er tillit til vanda sem við er að glíma gagnvart öllum flokkum ökutækja, meðal annars ökutækjum sem smíðuð eru í mörgum áföngum. Framkvæmdastjórnin mun kanna þetta viðfangsefni fyrir 31. mars 1994 og leggja viðeigandi tillögur fyrir aðildarríkin fyrir þann dag.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar sem sér um aðlögun í samræmi við tækniframfarir og komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á B-hluta XII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE: setningin „Í flokki M1,“ falli brott.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1993. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. september 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.